

Þriðjudaginn 21. janúar 1986.

Nr. 144/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Garðari Hafsteini Björgvinssyni

(Benedikt Sveinsson hrl.)

Líkamsárás. Brot gegn 233. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 3. maí 1985 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu ákærvalds, að krafist væri staðfestingar á niðurstöðum héraðsdóms, þar á meðal sýknuákvæði dómsins að því er varðar ákæru dags. 15. júní 1983 og málskostnaðarákvæði dómsins, en krafa væri jafnframt gerð um þyngingu refsingar.

Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 22. ágúst 1985.

Fallast ber á niðurstöðu héraðsdóms um að ákærði hafi gerst sekur um líkamsárás á Ævar Guðmundsson á skrifstofu Ævars og síðan á skrifstofu Vefarans h/f í sama húsi, og brotið þannig gegn 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981. Ákærði viðhafði ýmis ókvæðisorð við Ævar meðan á þessu stóð, en ekki hefur verið sýnt fram á að hann hafi haft í frammi hótanir sem fallnar hafi verið til þess að vekja hjá Ævari ótta um líf hans, heilbrigði eða velferð hans eða annarra frekar en orðið var. Verður ákærði því eigi jafnframt sakfelldur samkvæmt 233. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði var með dómi Hæstaréttar 18. mars 1982 dæmdur í 30 daga skilorðsbundið varðhald fyrir hlutdeild í líkamsárás. Ber nú samkvæmt 60. gr. hegningarlaga sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955 að taka það mál nú einnig til meðferðar og dæma ákærða refsingu í einu lagi fyrir bæði brotin. Refsingin er með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuðir.

Samkvæmt því er áður greinir er ekki krafist breytinga á málskostnaðarákvæði héraðsdóms, og verður það því staðfest.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem lýst er í dómsorði.

Það athugast að ekki kemur fram hvaða nauðsyn bar til að heyja dómþing hér í borg í starfsstofu vitnisins Ævars Guðmundssonar, kæranda málsins, er vitnið Sigrún Guðmundsdóttir kom fyrir dóm 27. febrúar 1984.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Garðar Hafsteinn Björgvinsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 12.000,00 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Benedikts Sveinssonar hæstaréttarlögmans, 12.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Árnassýslu 12. október 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákærvaldsins hálfu höfðað með ákærum, dags. 15. júní og 4. júlí 1983, á hendur Garðari Hafsteini Björgvinssyni, Varmahlíð 1, Hveragerði, fæddum 4. maí 1934 á Raufarhöfn, fyrir eftirfarandi:

1) Skv. ákæru, dags. 15. júní 1983, að hafa eitt sinn haustið 1982, hringt í Valborgu Bjarnadóttur, Heiðarbrún 33, Hveragerði, og hótad að berja mann hennar, Lúðvík Duke Wdowiak.

Telst þetta varða við 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2) Skv. ákæru, dags. 4. júlí 1983, að hafa mánudaginn 4. janúar 1982, veist að Ævari Guðmundssyni lögmanni á skrifstofu Ævars að Ármúla 21, Reykjavík og gripið hann í fyrstu kverkatökum en síðan slegið hann hnefahögg í höfuð og kvið, jafnframt því sem ákærði hótadi Ævari enn frekari meiðslum og óföllum ef hann rétti ekki hlut ákærða gagnvart Bátalóni h.f., Hafnarfirði, sem Ævar hafði haft með að gera sem lögmaður Bátalóns h.f., gagnvart ákærða, og síðan, eftir að Ævar hafði komist undan ákærða inn á skrifstofu Vefarans h.f. á sömu hæð, veitt Ævari þangað eftirför og ráðist þar á hann á ný með hnefahöggum í höfuð og kvið allt þar til að ákærði hvarf á brott, þegar hringt var á lögregluna. Ævar hlaut við árásir ákærða, mar og bólgur víða um líkamann og var frá vinnu að hluta næstu daga þar á eftir.

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 217. gr. og 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 20, 1981.

Í báðum ofangreindum ákærum er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar, en einnig skv. ákæru, dags. 4. júlí 1983, til greiðslu skaðabóta.

II.

Málavextir eru þessir:

1) Skv. ákæru, dags. 15. júní 1983:

— — —

2) Skv. ákæru, dags. 4. júlí 1983:

Mánudaginn 4. jan. 1982, kl. 13:55, barst lögreglunni í Reykjavík tilkynning frá Ævari Guðmundssyni hdl. um að ráðist hefði verið á hann á skrifstofu hans að Ármúla 21, 2. hæð, og árásarmaður, ákærði í máli þessu, væri farinn af vettvangi. Fóru lögreglumenn á vettvang og ræddu við kæranda. Skýrði hann frá því að hann hefði setið við skrifborð sitt, þegar ákærði hefði komið þangað inn og hefði ákærði verið mjög æstur. Hefði hann reynt að ræða við ákærða, en það ekki tekist, heldur hefði ákærði ráðist á sig þar sem hann sat í stólnum og lamið sig í andlit og kvið. Kvaðst Ævar hafa verið einn á skrifstofunni, þegar þetta átti sér stað, en sér hefði tekist að komast út og inn á skrifstofu Vefarans í sama húsi, þar sem Sigrún Guðmundsdóttir var að vinna, og beðið hana að hringja í lögregluna. Að sögn Ævars veitti ákærði honum eftirför og lamdi hann og sparkaði þarna á skrifstofu Vefarans.

Skv. lögregluskýrslu voru ekki sjáanlegir neinir meiri háttar áverkar á Ævari, en rauðir blettir voru á andliti og hálsinn rauður.

Ævar Guðmundsson skýrði lögreglumönnum frá því, að mál þetta ætti langan aðdraganda og væri vegna ágreinings þeirra ákærða um uppgjör varðandi bát, sem ákærði lét smíða hjá Bátalóni h.f. í Hafnarfirði, en Ævar var lögmaður þess fyrirtækis.

Ævar Guðmundsson leitaði ekki læknis og liggur því ekki fyrir áverka-vottorð í máli þessu.

Föstudaginn 8. jan. 1982 gaf Ævar Guðmundsson formlega skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglustjórans í Reykjavík, en jafnframt afhenti hann greinargerð vegna þessa máls.

Kvaðst Ævar kæra ákærða formlega fyrir líkamsárás og hótanir af ýmsu tagi, s.s. morðhótun, ef hann héldi kæru þessari til streitu og hótanir um líkamsmeiðingar, ef Bátalón endurgreiddi ekki ákærða peninga, sem ákærði taldi sig eiga þar inni.

Í greinargerð þessari segir:

„Ég kom á skrifstofu mína eftir mat kl. rúmlega 13:00, ég opnaði stofuna og skrapp fram á skrifstofu Kjöreignar. Er ég kom aftur inn í mína stofu var Garðar kominn þar inn. Ég bauð honum góðan dag og spurði hann hvað væri gott í fréttum. Hann kvaðst ekki vita, hvort hann segði neitt gott í fréttum. Ég gekk þá beint að skrifborði mínu í hinum enda herbergisins, settist við skrifborð mitt og tók símann og hringdi í eiganda Kjöreignar með stutt skilaboð. Garðar hljóp á eftir mér að símanum og stóð ógnandi yfir mér meðan ég hringdi og talaði. Að símtali loknu sagði hann við mig ógnandi og æstur: „Þú mannst hvernig okkar síðasta fundi lauk, þú fékkst viku frest.“ Ég kannaðist við það og sagðist hafa sent lögfræðingi hans niðurstöðu athugana minna og bókhalds athugana og hefði hann væntanlega séð það. Garðar ætist þá enn og sagði að ég vissi, að hann hefði átt inneign hjá Bítalóni h.f., vegna vinnu við kjölskúffu, er hann fékk bátinn afhentan. Ég kvaðst efa það, en langt væri um liðið og ég myndi það ekki svo gjörla, en væntanlega sæist það á uppgjöri hans við Bítalón h.f. Sagðist þá Garðar í raun vera kominn til að berja mig. Ég sagðist nú ekki sjá tilgang í því hjá honum, það breytti ekki niðurstöðu málsins. Skipti þá engum togum að Garðar réðst á mig þar sem ég sat í skrifborðsstól mínum, tók mig kverkataki með vinstri hendi og barði mig af miklu afli með krepptum hnefa í kvið og höfuð, áður en ég gat komið við vörnum. Tókst mér síðan að losa tak hans af hálsi mér, en hann reif þá í vesti mitt og skyrtu og hélt mér þannig niðri og barði mig áfram með hægri hendi. Reyndi ég að halda höndum hans og tala róandi til hans og fá hann til að hætta barsmíðunum, en maðurinn er filefldur að kröftum. Hann sagðist hætta að berja mig, ef ég borgaði honum kr. 34.000,00. Ég sagðist því miður ekki geta það. Barði hann mig þá áfram og sagðist mundu ganga frá mér. Þó bauð hann mér grið, ef hann fengi kr. 34.000,00. Sagðist ég ekki hafa neitt umboð til að gefa honum peninga Bítalóns h.f. Hófust þá tilraunir hans til frekari barsmíða og sagðist hann ganga frá mér nema hann fengi kr. 34.000,00 frá mér eða Bítalóni h.f.

Tókst mér nú loks að spyrna og ýta honum af mér og komast upp úr stól mínum. Færði hann sig þá aðeins aftar og til hliðar við skrifborð mitt og bjó sig undir að „boxast“. Tókst mér þá að hlaupa að hliðarhurð á herbergi mínu bak við skrifborð mitt og komast út. Hann réðst á mig á ganginum með barsmíðum og spörkum. Mér tókst að komast á skrifstofu Vefarans innar á gagninum og bað ég skrifstofustúlku þar að hringja á lögreglu. Í því réðst Garðar inn úr hurðinni (sic), hljóp að mér og barði krepptum hnefa í maga mér með miklu afli. Stúlkan tók símann og ég ítrekaði að hún hringdi á lögreglu. Garðar dró sig þá í hlé og hljóp út úr húsinu.“

Vitnið Ævar Guðmundsson hefur staðfest ofangreinda greinargerð fyrir

dómi þann 22. febr. sl. Ennfremur hefur það verið yfirheyrt sjálfstætt og er framburður þess á sömu lund.

Kveður vitnið ákærða hafa margítrekað að drepa vitnið, fengi hann ekki peninga. Hafi ákærði minnst á það, að hann hafi marghótað að drepa vitnið og væri hann kominn til þess, fengi hann ekki peninga. Að sögn vitnisins hafði ákærði í þjónustu sinni lögmann allan þann tíma, sem ágreiningur hans við Bátalón stóð yfir og ekki hafi því skort lögfræðilegar leiðbeiningar hjá ákærða varðandi viðskipti hans við Bátalón. Hafði ákærði með komu sinni til vitnisins ekki verið að leita eftir lögfræðilegri leiðréttingu eða breytingu á málinu, heldur hafi hann ætlað að kúga fé út úr vitninu.

Vitnið kveðst eftir árásina hafa verið marið og þrútið og ennfremur hafi það fundið fyrir óþægindum í höfði.

Vitnið Sigrún Guðmundsdóttir, f. 23.5. 1950, skrifstofumaður hjá Vefaranum í Ármúla 21, kveður Ævar hafa komið hlaupandi inn á skrifstofu Vefarans í umrætt sinn. Hafi hann verið mjög æstur og beðið vitnið að hringja í lögreglu. Á hæla Ævars hafi komið maður, sem réðst með barsmíðum á Ævar, þar sem hann stóð á miðju gólfi skrifstofunnar. Kveður vitnið ofangreindan mann hafa margkýlt Ævar í magann og einnig sló hann Ævar í höfuðið með hnefunum. Hafi maður þessi barið Ævar þannig, að hann hrasaði. Að sögn vitnisins virtist því ofangreindur maður vera albrjálaður og barði hann Ævar mörg högg.

Vitnið kveður þessa óvæntu upptöku hafa fengið svo mjög á sig, að það reyndi að hringja í lögreglu, en var ófært um að tala. Kveður vitnið mann þennan hafa hætt barsmíðum þegar vitnið tók upp símtólið og farið út.

Ákærði hefur við meðferð þessa máls borið, að hann hafi farið á lögmannsskrifstofu Ævars Guðmundssonar í umrætt sinn, en ákærði kveður Ævar hafa lofað að endurgreiða skuld Bátalóns við ákærða fyrir 22. des. 1981. Hafi hann verið að spyrjast fyrir um skuldina. Að sögn ákærða hafi þá Ævar sagt: „Ef þú er kominn hér til að rífast, þá farðu út,“ og bent á dyrnar. „Málið er útkljáð af minni hálfu.“ Kvaðst ákærði þá hafa orðið mjög reiður og flogið yfir skrifborð Ævars, tekið um axlir hans, þrifið hann upp úr stólnum og hvæst framan í hann, hvers konar maður Ævar væri, „úrkyndaður aumingi og vesalingur“ og í framhaldi af því beitt hann ofbeldi.

Hefur ákærði viðurkennt að hafa ráðist á Ævar Guðmundsson á skrifstofu hans og valdið honum líkamsmeiðingum. Ákærða og Ævari Guðmundssyni ber ekki saman um atvikalýsingu. Lýsing ákærða á árás sinni er þó stærri í sniðum og hann kveðst hafa gengið harðar fram, en greinir í ákæru.

Ákærði neitar því hins vegar að hafa tekið Ævar kverkataki og slegið í andlit og kvið í skrifstofu Ævars, svo sem greinir í ákæru.

Þá neitar ákærði því að hafa ráðist að Ævari með hnefahöggum í höfuð og kvið inn á skrifstofu Vefarans h.f., svo sem lýst er í ákæru.

Varðandi það, að ákærði hafi hótad Ævari frekari óförum, kveðst ákærði hafa sagt Ævari, „að þetta væri nú bara byrjunin, hann ætlaði að fá þessa peninga.“ Ákærði neitar því hins vegar, að hann hafi ætlað að kúga fé út úr Ævari.

III.

NIDURSTÖÐUR

1) Skv. ákæru, dags. 15. júní 1983.

Ákærði hefur viðurkennt svo sem að framan greinir að hafa hringt nokkrum sinnum í Valborgu Bjarnadóttur og m.a. haft orð á því að berja eiginmann hennar. Ákærði hefur á hinn bóginn neitað því, að í orðum hans fælist einhver hótun.

Þegar öll gögn máls þessa eru virt, þykja eigi fram komnar nægilegar sannanir fyrir því, að ummæli ákærða hafi verið til þess fallin að vekja óróa (sic) o.s.frv. hjá Valborgu, svo sem nánar er tilgreint í 233. gr. alm. hgl. Með hliðsjón af þessu svo og fremur ónákvæmu orðalagi ákæru verður ákærði sýknaður af háttsemi þeirri, sem honum gefin að sök í ákæru, dags. 15. júní 1983.

2) Skv. ákæru, dags. 4. júlí 1983.

Með hliðsjón af framburði ákærða sjálfs, vætti Ævars Guðmundssonar og Sigrúnar Guðmundsdóttur, þykir sannað að ákærði hafi veist að Ævari Guðmundssyni lögmanni á skrifstofu Ævars að Ármúla 21 í Reykjavík og valdið honum líkamsmeiðingum. Enda þótt ákærða og Ævari Guðmundssyni beri í milli í hverju árásin var fólgin, þykir engu að síður óhætt með hliðsjón af öllum málavöxtum að leggja ákæru hér til grundvallar við úrlausn þessa máls, hvað þetta snertir.

Sannað þykir með framburði vitnanna Ævars Guðmundssonar og Sigrúnar Guðmundsdóttur að ákærði hafi veist að Ævari Guðmundssyni á skrifstofu Vefarans h.f., með þeim hætti sem lýst er í ákæruskjali.

Þá þykir sannað með framburði ákærða sjálfs og vitnisins Ævars Guðmundssonar, að ákærði hafi hótad Ævari Guðmundssyni frekari óförum ef hann rétti ekki hlut ákærða gagnvart Bátalóni h.f.

Fallast má á eftir atvikum, að háttsemi ákærða varði við 217. gr. alm. hgl. og 233. gr. alm. hgl. nr. 19, 1940, svo sem um getur í ákæru. Eigi er ákært fyrir brot á 106. gr. alm. hgl. og verður ákærði því ekki sakfelldur fyrir brot á þeirri lagagrein.

Ákærði er sakhæfur.

Hann hefur sætt kærur og refsingum, sem hér segir:

- 1962, 20/11 í Þingeyjars. Sátt: 200 kr. sekt f. brot á 51. gr., sbr. 66. gr. og 80. gr. umfl.
 1978, 22/3 í Árnessýslu: Dómur: 30.000 kr. sekt og 1. mán. fangelsi skb. í 3 ár f. brot g. 217. gr. hgl.
 1982, 18/3 Dómur Hæstaréttar í ofangreindu máli: 30 daga varðhald skb. 2 ár frá birtingu dóms þessa.

Refsing ákærða verður tiltekin með hliðsjón af 77. og 78. gr. alm. hgl. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af öllum málavöxtum hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Þá skal ákærði með vísan til 142. gr. alm. hgl. (sic) greiða sakarkostnað að hálfu, þ.á m. málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Benedikts Sveinssonar, hrl., kr. 12.000. Hinn helmingur sakarkostnaðar greiðist úr ríkissjóði.

Af hálfu Ævars Guðmundssonar var í upphafi lögð fram bótakrafa á hendur ákærða, en Ævar dró hana til baka undir rekstri málsins.

Karl F. Jóhannsson, fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Garðar Hafsteinn Björgvinsson, f. 4. maí 1934, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærði skal greiða sakarkostnað að hálfu, þ.á m. málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Benedikts Sveinssonar hrl., kr. 12.000, en ríkissjóði ber að greiða hinn helming sakarkostnaðar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.